



333. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn fimmtudaginn 19. janúar 2023 kl. 12:00.

Mættir í fundarsal framkvæmdastjórnar í höfuðstöðvum ÍSÍ í Laugardal: Lárus L. Blöndal forseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri.

Mætt á Microsoft Teams: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson og Knútur G. Hauksson.

Forföll: Ingi Þór Ágústsson, Ásdís Hjálmsdóttir Annerud.

Dagskrá:

1. Fjármálaupplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri skýrði frá tveimur fundum fjármálaráðs ÍSÍ og skýrði forsendur að skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ, útbreiðslustyrks til sérsambanda og skiptingu lottós til sérsambanda ÍSÍ.

Ekki eru miklar breytingar á skiptingu styrkja á milli ára, með einhverjum tilfærslum þó á milli flokka. Umræður urðu um tillögurnar.

Tillögur fjármálaráðs um skiptingu ríkisstyrks, skiptingu útbreiðslustyrks og skiptingu lottós til sérsambanda ÍSÍ samþykktar.

Valdimar Leó Friðriksson sat hjá í atkvæðagreiðslu um tillögurnar vegna hagsmunatengsla.

2. Afrekssjóður ÍSÍ

Knútur G. Hauksson formaður Afrekssjóðs ÍSÍ skýrði tillögur sjóðsstjórnar um niðurfellingar vegna verkefna sérsambanda sem ekki var farið í á árinu 2022.

Tillögurnar samþykktar samhljóða. Einnig samþykkt að ekki þurfi afgreiðslu framkvæmdastjórnar til að staðfesta þær niðurfellingar sem eftir eru, ef einhverjar, vegna ársins 2022 heldur verði skrifstofu ÍSÍ heimilt að ganga frá þeim en endanleg niðurstaða niðurfellinga verður bókuð á fundi framkvæmdastjórnar þegar hún liggur fyrir. Samþykkt að fella niður 725 þúsund krónur af framlagi til heilbrigðisteymis ÍSÍ og Afreksmiðstöðvar ÍSÍ vegna ársins 2022 þar sem kostnaður varð lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Knútur kynnti og skýrði tillögur sjóðsstjórnar um styrki til sérsambanda ÍSÍ vegna einstaklinga. Hæstu styrkirnir að þessu sinni eru vegna Kristínar Þórhallsdóttur kraftlyftingakonu og Antons Sveins McKee sundmanns. Alls eru veittir styrkir vegna 36 einstaklinga og eins pars.

Heildarúthlutun í þessum hluta úthlutunarinnar er 41 milljón króna. Tillögur sjóðsstjórnar samþykktar samhljóða.

Knútur kynnti og skýrði tillögur sjóðsstjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ um heildarúthlutun úr Afrekssjóði vegna ársins 2023. Heildarúthlutunin vegna verkefna ársins 2023 nemur alls 535.565.000 króna. Í desembermánuði var 205 milljónum úthlutað og nú er lagt til að 330.565.000 krónum verði úthlutað til 32 sérsambanda ÍSÍ vegna verkefna ársins 2023.

Í desember 2022 var ákveðið að færa Körfuknattleikssamband Íslands niður um flokk. Slík tilfærsla hefur í för með sér miklar fjárhagslegar afleiðingar og er því KKÍ úthlutað hærri styrk en öðrum samböndum í sama flokki, byggt á fyrri fordæmum þegar sérsambönd hafa verið færð niður um flokk.

Umræður urðu um tillögurnar.

Tillögur sjóðsstjórnar samþykktar samhljóða.

3. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- Fundargerð Afrekssjóðs ÍSÍ frá 16. janúar og 18. janúar 2023
- Fundargerð Verkefnasjóðs ÍSÍ frá 17. janúar 2023. **Tillögur sjóðsstjórnar um styrkveitingar samþykktar samhljóða, sbr. fundargerð.**
- Fundargerð fjármálaráðs ÍSÍ frá 10. janúar og 18. janúar 2023

4. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði framundan.

5. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari